

Umhverfi Hótelis Staðarborgar er fagur Breiðdalurinn, grösugur, kjarri vaxinn og girtur háum fjöllum er mynda skjól og ramma um náttúrufegurðina. Úr Breiðdal er stutt í óbyggðir en á um 3 klst. má komast að Snæfelli í vestri og að Lóni í suðri og enn styttra er í fjalla- og gönguleiðir í Hamarsfirði eða á Öxi.

Dýra- og fuglalíf er fjölbreytt í Breiðdal og möguleikar á gæsa- og rjúpnaveiði. Þar eru einnig gjöfular laxveiðiár og silungsvötn. Breiðdalsá og Tinnudalsá eru þekktar laxveiðiár og í ós Breiðdalsárinnar má renna fyrir bleikju.